

From: Sigrún María Kristinsdóttir
Sent: mánudagur, 6. nóvember 2023 11:28
To: Birkir Rútsson
Subject: Umhverfis- og samgöngunefnd - Bréf vegna vinnu við heildarsýn fyrir Kópavogsdal – umsagnir

Umhverfis- og samgöngunefnd
B/t Birkis Rútssonar
birkirru@kopavogur.is

Kópavogi, 06. nóvember 2023
2309454

Bréf vegna vinnu við heildarsýn fyrir Kópavogsdal – umsagnir

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 28. september sl. var samþykkt að skipa starfshóp til að vinna tillögu að heildarsýn fyrir Kópavogsdal og leggja mat á hvort ástæða sé til að gera breytingar á gildandi skipulagsáætlunum fyrir svæðið. Nánari afmörkun svæðisins miðast við deiliskipulagssvæði Kópavogsdals.

Starfshópurinn kallar nú eftir umsögnum frá aðilum sem telja sig hafa hagsmuna að gæta í dalnum eða búa yfir þekkingu eða upplýsingum sem geta verið gagnlegar fyrir starfshópinn. Gefst ykkur kostur á að skila inn skriflegri umsögn og óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum ykkar hvað varðar sýn ykkar fyrir dalinn. Óskað er eftir greinargóðum röksemdum fyrir umsögnum og ábendingum og hvernig þær þjóni verkefninu að móta heildarsýn fyrir Kópavogsdal.

Jafnframt mun öllum íbúum Kópavogsbæjar gefast tækifæri til að skila inn hugmyndum um nýtingu og framtíðarsýn fyrir dalinn [hér](https://heildarsynkopavogsdals.betraisland.is) (<https://heildarsynkopavogsdals.betraisland.is>). Gáttin verður opin frá 15. nóvember til 29. nóvember 2023.

Ef þið kjósið að senda inn skriflega umsögn, þarf hún að berast til Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið sigrun.maria@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 1. desember 2023. Hægt verður að kynna sér málið frekar á [heimasíðu Kópavogs](https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ithrottir-utivist/opin-svaedi-og-utivist/heildarsyn-fyrir-kopavogsdal) (<https://www.kopavogur.is/is/ibuar/ithrottir-utivist/opin-svaedi-og-utivist/heildarsyn-fyrir-kopavogsdal>) á næstu dögum.

Starfshópurinn mun skila inn skýrslu og fullbúnum tillögum til bæjarstjóra á nýju ári.

F.h. starfshóps,

Dr. Sigrún María Kristinsdóttir
Verkefnastjóri íbúatengsla í Kópavogi
441 0000 | sigrun.maria@kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is